

## 2015 nr. 45 8. júlí

### Lög um slysatryggingar almannatrygginga

Taka gildi 1. janúar 2016.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfræðisvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við heilbrigðisráðherra eða velferðaráðuneyti sem fer með lög þessi.

#### I. kafli. Markmið, gildissvið og stjórnsýsla.

##### ■ 1. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að tryggja slysatryggðum bætur frá almannatryggingum vegna vinnuslysa eða annarra tiltekinna slysa óháð tekjum hins slysatryggða, sbr. einnig lög um almannatryggingar, lög um sjúkratryggingar og önnur lög eftir því sem við á.

□ Bæturnar eru ýmist greiddar í peningum eða veittar í formi aðstoðar eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

##### ■ 2. gr. Gildissvið.

□ Í lögum þessum er mælt fyrir um slysatryggingar almannatrygginga, hverjur eru tryggðir og bætur slysatrygginga.

##### ■ 3. gr. Framkvæmd slysatrygginga.

□ Sjúkratryggingastofnunin, sbr. lög um sjúkratryggingar, annast framkvæmd slysatrygginga almannatrygginga samkvæmt lögum þessum. Þó skal Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslur mánaðarlegra bóta slysatrygginga skv. 12. og 13. gr. nema ráðherra ákveði annað.

##### ■ 4. gr. Yfirlitjónar.

□ Ráðherra fer með yfirlitjónar slysatrygginga almannatrygginga samkvæmt lögum þessum.

#### II. kafli. Slysatryggingar.

##### ■ 5. gr. Almenn ákvæði.

□ Slysatryggingar almannatrygginga taka til slysa við vinnu, iðhnám, björgunarstörf, hvers konar íþróttæfingar, íþróttasýningar, íþróttakeppni eða heimilisstörf, enda sé hinn slasaði tryggður samkvæmt ákvæðum 7. eða 8. gr. Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama hins tryggða og gerist án vilja hans.

□ Maður telst vera við vinnu:

a. Þegar hann er á vinnustað á þeim tíma þegar honum er ætlað að vera að störfum, svo og í matar- og kaffitímum.

b. Í sendiferð í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir sem eru farnar samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.

□ Slys telst ekki verða við vinnu ef það hlýst af athöfnum slasaða sjálfss sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Tryggingin tekur þó til allra slysa á sjómanni sem verða um borð í skipi hans eða þegar hann ásamt skipinu er staddir utan heimahafnar skips eða útgerðarstaðar. Enn fremur tekur tryggingin til allra slysa á friðargæslulíðum íslenska ríkisins sem verða þegar þeir eru staddir erlendis við friðargæslustörf.

□ Trygging samkvæmt þessari grein gildir þó ekki ef bóta-skylda er fyrir hendi samkvæmt lögbóðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda.

□ Til slysa teljast sjúkdómar sem stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstaðu sem ríkjandi eru í haesta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar.

□ Ákveða skal með reglugerð að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir.

##### ■ 6. gr. Tilkynning.

□ Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskylt samkvæmt þessum lögum, skal atvinnurekandi eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið í því formi sem sjúkratryggingastofnunin skipar fyrir um til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til sjúkratryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til sjúkratryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hinum slasaða eða öðrum þeim sem vilja gera kröfu til bóta vegna slyssins ber að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni sé fullnægt og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða er til að ætla að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef sjúkratryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans, óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið.

□ Ef sá sem átti að tilkynna slys hefur vanrækt það skal það ekki vera því til fyrirstöðu að hinn slasaði eða eftirlátnir vandamenn hans geti gert kröfu til bóta ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slysið bar að höndum. Heimilt er þó að greiða bætur þótt ár sé liðið frá því að slys bar að höndum ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði sem máli skipta. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.

##### ■ 7. gr. Slysatryggðir.

□ Slysatryggðir samkvæmt lögum þessum eru:

a. Launþegar sem starfa hér á landi að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slískra embættismanna. Starf um borð í íslensku skipi eða íslensku loftfari, eða skipi eða loftfari sem er gert út eða rekið af íslenskum aðilum, jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið, enda séu laun greidd hér á landi.

b. Nemendur í iðnnámi í löggiltum iðngreinum og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum og háskólanemar þegar þeir sinna verklegu námi.

c. Útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar.

d. Peir sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.

e. Íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og er orðið 16 ára. Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.

f. Atvinnurekendur í landbúnaði sem vinna landbúnaðarstörf, makar þeirra og börn á aldrinum 13–17 ára.

g. Atvinnurekendur sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum en um getur í f-lið.

□ Heimilt er að veita undanþágu frá slysatryggingu skv. a-lið 1. mgr. ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf.

□ Launþegi telst hver sá sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

□ Maki atvinnurekanda og börn hans á aldrinum 13–17 ára, sbr. g-lið 1. mgr., teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein nema þau starfi við atvinnureksturinn og þiggi laun fyrir.

##### ■ 8. gr. Trygging við heimilisstörf.

□ Peir sem stunda heimilisstörf geta tryggt sér rétt til slys-

bóta við þau störf með því að skrá ósk þar að lútandi í skattframtal í byrjun hvers árs.

□ Ráðherra er með reglugerð heimilt að skilgreina nánar tryggingartímabil og hvað teljist til heimilisstarfa.

**■ 9. gr. Bætur slysatrygginga almannatrygginga.**

□ Bætur slysatrygginga almannatrygginga eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

**■ 10. gr. Sjúkrahjálp.**

□ Nú veldur bótaskylt slys sjúkleika og vinnutjóni í minnst 10 daga og skal þá greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða og tjóns á gervilimum eða hjálpartækjum svo sem hér segir:

1. Að fullu skal greiða:

a. Læknishjálp sem samið hefur verið um samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

b. Sjúkrahúsvis, svo lengi sem afleiðingar slyssins gera hana nauðsynlega, sé hinn slasaði ekki sjúkratryggður samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

c. Lyf og umbúðir.

d. Viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar.

e. Gervilimi eða svipuð hjálpartæki, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Sama gildir um gervitennur.

f. Sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl fyrst eftir slys eða þegar ella verður nauðsynlegt að senda sjúkling með slfkum farartækjum til meðferðar hjá lækni eða á sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir þegar um stundun er að ræða. Sama gildir um flutning með skipi þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.

g. Sjúkraþjálfun og orkulækniningar.

2. Greiða skal:

a. Að hálfu ferðakostnað til lækning með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunar bíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili eða sama bæ né bifreið í eigu venislamanna hins slasaða.

b. Að  $\frac{3}{4}$  kostnað við sams konar ferðir með áætlunar bíl eða -skipi, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Geti sjúklingur ekki ferðast með áætlunar bíl skal greiða ferð með áætlunarflugvél að  $\frac{3}{4}$ .

3. Heimilt er að greiða:

a. Hjúkrun í heimahúsum, veitta af vandalausum.

b. Styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum þegar framkvæmdar hafa verið kostnaðarsamar aðgerðir á þeim sem ónýst hafa við slysið.

c. Ferðakostnað með áætlunar bíl eða strætisvagni að  $\frac{3}{4}$  hlutum eða samkvæmt kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi þegar sjúklingur þarfnað ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkraflotnum, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagnar, þótt vegalengd sé skemmið en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.

□ Að svo miklu leyti sem samningar samkvæmt lögum um sjúkratryggingar ná ekki til sjúkrahjálparsky. 1. mgr. getur ráðherra ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti með reglugerð.

□ Nú veldur slys ekki óvinnufærni í 10 daga en hefur þó í för með sér kostnað sem um ræðir í þessari grein og má þá

greiða hann að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá sjúkratryggingum.

□ Kostnaður vegna sjúkrahjálpars sem fellur til þegar liðin eru fimm ár eða meira frá slysdegi greiðist ekki. Pó er heimilt, ef alveg sérstaklega stendur á, að greiða kostnað sem fellur til í allt að tíu ár frá slysdegi enda séu skýr læknisfræðileg orsakatengsl milli slyssins og kostnaðarins.

□ Einungis skal greiða nauðsynlegan kostnað skv. 1. mgr. sem fellur til hér á landi nema annað leiði af milliríkjasamningum. Pó skal greiða óhjákvæmilega sjúkrahjálp sem fellur til erlendis ef slasaði er tryggður samkvæmt ákvæðum 2. málsl. b-liðar 2. mgr. 5. gr. eða samkvæmt ákvæðum laga um sjúkratryggingar.

**■ 11. gr. Dagpeningar.**

□ Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slys varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur.

□ Sjúkratryggingastofnuninni er heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilaunaum og óvist er hvort um varanlega örorku verður að ræða og líkru eru til að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótareiðslu.

□ Dagpeningar eru 1.727 kr. á dag fyrir hvern einstakling og 387 kr. fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis sem hinn slasaði sannanlega greiðir með samkvæmt úrskurði stjórnvalds, staðfestu samkomulagi eða skilnaðarleyfisbréfi.

□ Greiðslur samkvæmt þessari grein mega ekki fara fram úr  $\frac{3}{4}$  af tekjum bótapega við þá atvinnu sem hann stundaði þegar slysið varð.

□ Nú greiðir vinnuveitandi hinum slasaða laun í slysaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt þessari grein til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum launanna.

**■ 12. gr. Örorkubætur.**

□ Ef slys veldur varanlegri örorku skal greiða hinum slasaða mánaðarlegan slysaörorkulífeyrir eftir reglum 4. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar eða örorkubætur í einu lagi með þeirri undantekningu að réttur til örorkulífeyris reiknast frá 16 ára aldri.

□ Ef örorkan er 50% eða meiri greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku og hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig sem við bætist uns örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir. Tekjur slasaða skulu ekki lækka örorkulífeyrir.

□ Nú er örorkan metin meiri en 50% og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyrir vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótapega þegar slys bar að höndum, eftir reglum b- og c-liðar 1. mgr. 13. gr. Ef örorkan er 75% eða meiri skal greiða fullar bætur og gildir það bæði vegna barna sem voru á framfæri bótapega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra sem hann framfærir síðar. Sé orkutapið minna en 75% lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1% sem vantar á 75% örorku.

□ Ef orkutap er minna en 50% er sjúkratryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyrir hlutaðeigandi um tiltekið árabil samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

□ Örorkubætur greiðast ekki ef orkutap er metið minna en 10%.

■ **13. gr. Dánarbætur.**

□ Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá því að það bar að höndum skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hlýtur bætur, 40.106 kr. á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar að nýju. Nú andast ekkja eða ekkill sem hefur notið bóta samkvæmt ákvæðum þessarar greinar áður en bætur hafa verið greiddar að fullu og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.

b. Barnalífeyri, 322.356 kr. á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti lög um almannatryggingar.

c. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku þegar slysið bar að höndum, fær bætur sem séu ekki lægri en 500.579 kr. og allt að 1.502.281 kr., eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur ef örorka er minni en 33%.

□ Bætur skv. a- og c-lið 1. mgr. skulu ekki vera lægri en 701.111 kr. fyrir hvert slys. Nú létur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur sem eiga rétt til bóta samkvæmt þessum stafliðum og skal þá bæta slysið með 701.111 kr. sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

□ Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra. Frá dánarbótum sem greiddar eru vandamönnum ber að draga þær örorkubætur sem greiddar hafa verið í einu lagi skv. 4. mgr. 12. gr. vegna sama slyss.

■ **14. gr. Samspil og skörun bóta.**

□ Enginn getur samtímis notið fleiri en einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum og lögum um almannatryggingar vegna sama atviks eða fyrir sama tímabil. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils skv. a-lið 1. mgr. 13. gr. og allar aðrar bætur.

b. Barnalífeyrir og dagpeningar.

c. Sly sadagpeningar og ellilífeyrir.

d. Aðrar bætur ef svo er fyrir mælt í lögum þessum eða lögum um almannatryggingar.

□ Nú nýtur umsækjandi um sly sadagpeninga annarra lægri bóta samkvæmt lögum þessum, lögum um almannatryggingar eða lögum um sjúkratryggingar, sem veittar eru til langs tíma, og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

□ Njóti umsækjandi þegar ellí- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar kemur ekki til greiðslu sly salífeyris fyrir sama tímabil.

□ Eigi bótaþegi rétt á fleiri tegundum bóta en einni samkvæmt lögum þessum eða lögum um almannatryggingar sem ekki geta farið saman skal greiða honum hærrí eða hæstu bæturnar.

□ Um samspil og skörun bóta samkvæmt þessum lögum og lögum um almannatryggingar gilda að öðru leyti ákvæði 48. gr. laga um almannatryggingar.

■ **15. gr. Ákvörðun bóta.**

□ Allar umsóknir skulu ákvæðaðar svo fljótt sem kostur er á og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi þegar umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrði til bótanna. Mánaðarlegar bætur skv. 12. og 13. gr. reiknast þó frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að bótarettur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótaretti lýkur.

□ Bætur vegna sjúkrahjálpar, dagpeninga og dánarbætur skal aldrei ákvæða lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta berast sjúkra tryggingastofnuninni. Um greiðslur slysalífeyris aftur í tímann fer samkvæmt lögum um fyrningu kröfuréttinda.

□ Ákvæðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan tólf mánaða, en ákvæða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

□ Grundvöll bótaréttar má skoða hvenær sem er og færa til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa.

**III. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **16. gr. Tekjur.**

□ Útgjöld sly satrygginga skulu borin af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi og iðgjöldum skv. 3. mgr. Þá skal árlega ákvæða í fjárlögum framlag sem standa undir kostnaði af bótum vegna þeirra sem um getur í e-lið 1. mgr. 7. gr.

□ Sjúkratryggingastofnunin skal ár hvert gera áætlun um bótageiðslur og rekstrarkostnað sly satrygginga næsta almánakssár.

□ Iðgjöld útgerðarmanna fiskiskipa vegna sly satrygginga sjómanna skulu vera 0,65% af samanlögdum launum og aflahlut sjómanna sem starfa hjá þeim hverju sinni. Iðgjöld þessi skulu ásamt dagpeningum skv. 6. mgr. 21. gr. standa undir greiðslu launa og/eða aflahlutar skv. 2. mgr. 21. gr. og rekstrarkostnaði sly satrygginga vegna framkvæmdar sjúkra tryggingastofnunarinnar við tryggingu þessa. Iðgjöld þeirra sem stunda heimilisstörf skv. 8. gr. skulu ákvæðin þannig að þau standi undir kostnaði við trygginguna og rekstrarkostnaði sjúkra tryggingastofnunarinnar vegna framkvæmdarinnar.

■ **17. gr. Iðgjöld.**

□ Iðgjöld skv. 16. gr. skal ríkisskattstjóri leggja á með tekju skatti og færa þau á skattskrá, sbr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og skulu ákvæði 99. gr. þeirra laga og ákvæði laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, gilda um iðgjöld eftir því sem við á.

□ Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skulu eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds útgerðarmanna fiskiskipa vegna sly satrygginga sjómanna. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila og skal eftir atvikum leita staðfestingar á iðgjaldi útgerðaraðila þegar greiðsluskylda sjúkra tryggingastofnunarinnar er ákvörðuð.

□ Gjalddagar iðgjalda skulu ákvæðir í reglugerð.

■ **18. gr. Innheimta.**

□ Iðgjöld til sly satrygginga skulu innheimta af innheimtu mönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtu stofnunum. Ákvæði laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar á meðal um dráttarvexti og fjárnámsrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

■ **19. gr. Iðgjöld útgerðarmanna.**

□ Iðgjöld útgerðarmanna fiskiskipa vegna sly satrygginga sjómanna skv. 16. gr. skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

■ **20. gr. Frjálsar sly satryggingar.**

□ Heimilt er sjúkra tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar sly satryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskirteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

□ Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingu samkvæmt þessari grein, þar á meðal að hve miklu leyti skuli endurtrygginga þá áhættu sem sjúkratryggingastofnunin tekur á sig.

**■ 21. gr. *Viðbótartrygging útgerðarmanna fiskiskipa.***

□ Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja áhættu vegna bóta-skyldra slysa samkvæmt lögum þessum og 1. mgr. 36. gr. sjómannaháði sjúkratryggingastofnuninni.

□ Sjúkratryggingastofnunin greiðir útgerðarmönnum fjárhæð sem svarar til fullra launa og/eða aflahlutar sjómanna í allt að two mánuði.

□ Útgerðarmenn skulu greiða iðgjald skv. 16. gr.

□ Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu, sbr. 1. mgr., fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Til-kynning um uppsögn skal berast sjúkratryggingastofnuninni. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

□ Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi sjúkratryggingastafnunarinnar.

□ Dagpeningar skv. 11. gr. skulu renna til sjúkratryggingastafnunarinnar þann tíma sem greiðslur launa og aflahlutar eiga sér stað.

**■ 22. gr. *Réttindi milli landa.***

□ Þegar milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að kveða á um gagnkvæm réttindi til slysatrygginga almannatrygginga skulu þeir sem falla undir íslenska löggjöf samkvæmt ákvæðum samninganna öðlast réttindi samkvæmt lögum þessum.

□ Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um einstaklinga sem eru sjúkratryggðir skv. 1. mgr. 11. gr. laga um sjúkratryggingar og starfa erlendis fyrir aðila sem hefur aðsetur og starfsemi á Íslandi, enda sé tryggingagjald greitt hér á landi af launum hans, sbr. lög um tryggingagjald.

□ Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greininnar, m.a. um heimild til að draga frá bótum samkvæmt

lögum þessum bætur samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi.

**■ 23. gr. *Reglugerðarheimild.***

□ Ráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara í reglugerðum.

**■ 24. gr. *Innleiðing.***

□ Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð almannatryggingareglur Evrópusambandsins eins og þær eru felldar inn í VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum, sbr. einnig ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 sem fellir undir samninginn reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa, með síðari breytingum, og nr. 987/2009 um framkvæmd hennar. Reglugerðir Evrópusambandsins, sem tekna verða upp í samninginn og fela í sér breytingar eða viðbætur við þær reglugerðir, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama á við um almannatryggingareglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

**■ 25. gr. *Gildistaka og lagaskil.***

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2016.

□ Ákvæði laga um sjúkratryggingar gilda um slysatryggingar eftir því sem við á, m.a. um málsmæðferð, ákvæðanir og greiðslur bóta, þagnarskyldu, meðferð persónuupplýsinga, stjórnsýslukærur og hækkuun bóta.

□ Ákvæði laga um almannatryggingar gilda eftir því sem við á um réttarstöðu sambúðarfólks, greiðslur til þriðja aðila, fangelsisvist, gæsluvarðhald og aðra dvöl á stofnun samkvæmt úrskurði, dvöl á sjúkrahúsi og upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsmanna, svo og um framsal og veðsetningu bótakrafa, kyrsetningu og fjárnám.

□ Um greiðslur til viðbótar örorkulífeyri skv. 12. gr. fer samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

**■ 26. gr. *Breyting á öðrum lögum. . . .***

**■ Ákvæði til bráðabirgða.** Endurskoða skal lög þessi innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.